

1978 nr. 62 20. maí**Lög um bann við fjárhagslegum stuðningi erlendra aðila við íslenska stjórn mála- flokka og blaðaútgáfu erlendra sendiráða á Íslandi**

Tóku gildi 6. júní 1978. Breytt með: L. 10/1983 (tóku gildi 25. mars 1983), L. 162/2006 (tóku gildi 1. jan. 2007).

■ 1. gr.

□ . . . ¹⁾ Þá er erlendum sendiráðum á Íslandi óheimilt að kosta eða styrkja blaðaútgáfu í landinu.

¹⁾ L. 162/2006, 13. gr.

■ 2. gr.

□ Lög þessi taka til stjórn mála flokka og félagasamtaka þeirra, svo og til hvers konar stofnana, sem starfa á þeirra

vegum, beint eða óbeint, þ. á m. blaða, og einnig til blaða og tímarita, sem út eru gefin á vegum einstaklinga eða félaga- samtaka.

■ 3. gr.

□ Bann það, sem felst í 1. gr. þessara laga, nær til hvers konar stuðnings, sem metinn verður til fjár, þ. á m. til greiðslu launa starfsmanna eða gjafa í formi vörusendinga.

■ 4. gr.

□ Erlendir aðilar teljast í lögum þessum sérhverjar stofnanir eða einstaklingar, sem hafa erlent ríkisfang, hvort sem þeir eru búsettir hér á landi eða ekki.

■ 5. gr.

□ Brot gegn lögum þessum varða sektum . . . ¹⁾

□ Fjármagn, sem af hendi er látið í trássi við lög þessi, skal gert upptækt og rennur til ríkissjóðs.

¹⁾ L. 10/1983, 74. gr.